

NEFND FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

UM STÖÐU MIÐALDRA OG ELDRA FÓLKS Á VINNUMARKAÐI



Nóvember 2004

Efnisyfirlit	
Inngangur	4
<i>Pingsályktun Alþingis og skipulag nefndarstarfsins</i>	6
Tillögur og sérálit	8
<i>Fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði</i>	8
<i>Sérálit I</i>	11
<i>Sérálit II</i>	13
<i>Sérálit III</i>	17
Umsagnir	18
<i>Landssamband eldri borgara</i>	18
<i>Vinnumiðlanir og ráðningarþjónustur</i>	18
<i>Alþýðusamband Íslands</i>	19
<i>Samtök atvinnulífsins</i>	19
<i>Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB)</i>	20
<i>Samandregnar helstu niðurstöður kaflans</i>	20
Viðhorfskannanir	21
<i>Viðhorfskönnun Gallup</i>	21
<i>Könnun Samtaka atvinnulífsins</i>	25
<i>Könnun SA árið 2002 og norræn vinnumarkaðsrannsókn</i>	26
<i>Samandregnar helstu niðurstöður kaflans</i>	26
Starfs- og endurmenntun	27
<i>Starfsmenntasjóðir</i>	27
<i>Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks</i>	27
<i>Starfsmennt – könnun</i>	28
<i>Starfsafl</i>	29
<i>Landsmennt</i>	29
<i>Ráðstefna 45+</i>	31
<i>Rannsóknir á aldurstengdri mismunun erlendis</i>	31
<i>Samandregnar helstu niðurstöður kaflans</i>	32
Mannfjöldapróun, atvinnuþátttaka, atvinnuleysi	33
<i>Mannfjöldapróun</i>	33
<i>Atvinnuþátttaka</i>	35
<i>Ísland og Evrópa</i>	35
<i>Atvinnuþátttaka eftir menntun</i>	37
<i>Atvinnuleysi</i>	38
<i>Atvinnuleysi eftir menntun</i>	38
<i>Atvinnuleysi eftir aldri</i>	39
<i>Langtímaatvinnuleysi</i>	40
<i>Könnun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu</i>	40
<i>Örorka og atvinnuþátttaka eldra fólks</i>	41
<i>Samandregnar helstu niðurstöður kaflans</i>	42
Áhrif kjarasamninga á atvinnuumhverfi eldra fólks	43
<i>Almennur markaður</i>	43
<i>Ríkisstarfsmenn</i>	44
<i>Samandregnar helstu niðurstöður kaflans</i>	45
Samspil lifeyrismála og atvinnuþátttöku	46
<i>Starfslok og almannatryggingakerfið</i>	46

<i>Annað sem hefur áhrif á ákvarðanir um starfslok</i>	46
<i>Sérstakar ráðstafanir hjá fyrirtækjum</i>	47
<i>Samandregnar helstu niðurstöður kaflans</i>	47
Lagaumhverfið og aðgerðir stjórnvalda erlendis	48
<i>Evrópusambandið</i>	48
<i>Norðurlöndin</i>	48
<i>Bandaríkin</i>	51
<i>Samandregnar helstu niðurstöður kaflans</i>	51
Núverandi lagaumhverfi á Íslandi	52
<i>Samandregnar helstu niðurstöður kaflans</i>	54
Samandregnar niðurstöður skýrslunnar	55
Viðauki I	58
<i>A. Viðhorfskönnun Gallup</i>	58
<i>B. Viðhorfskönnun Samtaka atvinnulífsins</i>	58
Viðauki II	80
<i>a. Umsagnaraðilar- listi yfir þá aðila sem nefndin skrifaði til</i>	85
<i>b. Yfirlit yfir aldursdreifingu ríkisstarfsmanna í mars 2004</i>	85
<i>c. Nordisk ministerråd – Seniorers konkurrencekraft – Analyse af seniorpolitikker og seniorers værdi i fire nordiske lande</i> <i>www.norden.org/pub/velfaerd/arbetsmarknad/sk/TN2004517.asp</i>	85
<i>d. Age Discrimination in Employment Act of 1967 (ADEA)</i> <i>www.eeoc.gov/policy/adea.html</i>	85
Heimildaskrá	88

Myndayfirlit

Spurning 2 Gallup: Hefur þér verið sagt upp störfum vegna aldurs eða ekki fengið vinnu vegna aldurs?	21
Spurning 6 Gallup: Telur þú að á síðustu 2 árum hafi einhverjum starfsmanni á þínum vinnustað verið sagt upp störfum vegna aldurs?	22
Spurning 7 Gallup: Telur þú að á síðustu 2 árum hafi einhver starfsmaður á þínum vinnustað ekki verið endurráðinn vegna aldurs?	22
Spurning 5 Gallup: Möguleikar þeirra sem eru eldri en 50 ára til að fá stöðuhækkun miðað við þá sem yngri eru.	23
Spurning 12 Gallup: Telur þú að yngra fólk sé meira metið á vinnumarkaði en þeir sem eldri eru, eldra fólk sé meira metið eða að það fari ekki eftir aldri fólks hvernig það er metið á vinnumarkaði?	23
Spurning 13 Gallup: Telur þú að starfsmenn eldri en 50 ára séu almennt jákvæðari eða neikvæðari í garð vinnunnar en þeir sem eru yngri en 50 ára eða telur þú að viðhorf til vinnunnar fari ekki eftir aldri?	24
Spurning 3 Gallup: Hefur þú á sl. 2 árum sótt endurmenntun eða starfsþjálfun á vegum vinnuveitanda þíns?	24
Spurning 4 Gallup: Telur þú að yngra fólk á þínum vinnustað hafi betri möguleika að sækja endurmenntun og eða starfsþjálfun, að eldra fólk hafi betri möguleika eða telur þú að yngra og eldra fólk á þínum vinnustað hafi sömu möguleika að sækja endurmenntun og/eða starfsþjálfun?	25

Nýting félagsmanna Starfsmenntasjóðs Verzlunarmannafélags Reykjavíkur á styrkjum til starfsmenntunar árið 2003	27
Starfsmenntasjóður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur - meðalverð á námskeiðum eftir aldri	28
Kynjaskipting einstaklingsstyrkja Landsmenntar frá árinu 2003	29
Flokkun námskeiða og dreifing einstaklingsstyrkja Landsmenntar á tegundir námskeiða	30
Aldursdreifing úthlutaðra styrkja Landsmenntar frá upphafi	30
Mannfjöldaþróun í heiminum – hlutfall íbúa yfir 60 ára	33
Mannfjöldi á Íslandi eftir kyni og aldri 1990 og 2003	34
Atvinnuþátttaka á Íslandi árið 2002 flokkað eftir aldri og kyni	35
Atvinnuþátttaka 50–69 ára í nokkrum OECD ríkjum	36
Mannfjöldi og vinnuafli á Íslandi eftir menntun 2002	37
Þróun atvinnuleysis á Íslandi frá árinu 1999 til 2003	38
Atvinnuleysi á Íslandi eftir menntun í nóvember 2003 samanborið við nóvember 2002	38
Fjöldi atvinnulausra á Íslandi eftir aldri	39
Hlutfall langtímaatvinnuleysis á Íslandi innan einstakra aldurshópa	40

Töflur

Tafla 1. Styrkir úr starfsmenntasjóði Starfsafls árið 2002	29
Tafla 2 Hluti aldurshópsins 16–66 ára sem eru á 75% örorku frá Tryggingastofnun ríkisins og hlutfall þeirra yngri en 50 ára	42
Tafla 3. Meginaðgerðaráætlanir á Norðurlöndum vegna málefna eldra fólks á vinnumarkaði	49
Tafla 4. Umræða, afstaða og verðmæti – stuðningsaðgerðir við eldra fólk á vinnumarkaði á Norðurlöndunum	49
Tafla 5. Fjárhagslegur rammi á Norðurlöndunum vegna stuðningsaðgerða við eldra fólk á vinnumarkaði	50

Inngangur

Þann 15. mars 2003 samþykkti Alþingi þingsályktun um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Þingsályktunin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmalaflokka á þingi og skili nefndin álitin innan árs.“

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd þann 11. febrúar 2004, sem skyldi kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur með uppsögnum eða mismunun í starfi. Eftirtaldir voru skipaðir til setu í nefndinni:

Tilnefningaraðilar	Aðalmenn	Varamenn
BSRB	Arna Jakobína Björnsdóttir	Sjöfn Ingólfsdóttir
ASÍ	Einar Jón Ólafsson	Ingunn S. Þorsteinsdóttir
SA	Jón H. Magnússon	Gústaf Adolf Skúlason
Fjármálaráðuneyti	Ásta Lára Leósdóttir	Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir
Frjálslyndi flokkurinn	Steinunn Kristín Pétursdóttir	Grétar Mar Jónsson
Sjálfstæðisflokkur	Guðmundur Hallvarðsson	Arnbjörg Sveinsdóttir
Samfylking	Jóhanna Sigurðardóttir	Jóhann Ársælsson
Framsóknarflokkur	Sigrún Magnúsdóttir	Sigurbjörg Björgvinsdóttir
Vinstri hreyfingin grænt framboð	Guðrún Jónsdóttir	Atli Gíslason

Formaður nefndarinnar var skipuð án tilnefningar Elín R. Líndal.

Með nefndinni störfuðu Gylfi Kristinsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu og dr. Kristinn Tómasson yfirlæknir hjá Vinnueftirliti ríkisins. Starfsmaður nefndarinnar var Margrét Kr. Gunnarsdóttir.

Nefndarstarfið hófst í byrjun mars árið 2004 og hefur nefndin fundað 15 sinnum.

Formaður nefndar vann með uppkast erindisbréfs með nefndinni og um miðjan mars var lagt fram endanlegt erindisbréf sem er eftirfarandi:

1. Að leiða í ljós eins og unnt er hvort og þá hversu algengt það er að fólki sé sagt upp starfi eða það ekki ráðið í störf sem auglýst eru, sökum aldurs eða mismunnað af þeim sökum.
 - Könnuð verði tengsl menntunar og uppsagnar/endurráðningar (að fólk er ekki ráðið í auglýst störf sökum aldurs).
 - Kannað verði framboð starfs- og endurmenntunar fyrir eldra fólk og hugsanlegt samspil framboðs/skorts þar á og uppsagnar/endurráðningar.

- Kannað verði á hvern hátt aldur starfsmanna hefur áhrif á starfsframa innan fyrirtækja og stofnana og samspil aldurs og vinnuumhverfis.
- 2. Að leita skýringa á því hvort og þá hversvegna eldra fólk er ekki meira metið á vinnumarkaði og hvort viðhorfsbreyting hafi orðið til starfa miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði.
- 3. Að kanna hvaða hlutverki opinberar vinnumiðlanir og ráðningarskrifstofur gegna eða geta gegnt í þessu sambandi.
- 4. Að kanna hvort lög eða reglugerðir hafi áhrif á stöðu eldri starfsmanna.
- 5. Að kanna reynslu annarra þjóða og áhrif lagaumhverfis í nágrennalöndunum á þessu sviði.
- 6. Að leggja mat á áhrif lagasetningar á vinnumarkaðsumhverfið með tilliti til meðal annars atvinnuleysis.
- 7. Að leggja mat á áhrif lagasetningar og alþjóðasamþykktá með hliðsjón af starfsumhverfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.
- 8. Að kanna samspil lífeyrismála og þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði.
- 9. Að kanna á hvern hátt aðilar vinnumarkaðarins geta haft áhrif með kjarasamningum eða á annan hátt á stöðu þeirra sem eldri eru á vinnumarkaði.

Í erindisbréfi segir að nefndin skuli hafa lokið störfum fyrir 1. nóvember 2004.

Nefndin kannaði sérstaklega lagalegt umhverfi eldra fólks bæði hérlendis og í nágrennalöndunum og aðgerðir stjórnvalda á þeim vettvangi. Jafnframt kannaði hún stöðu mála, sjónarmið og framtíðarsýn ýmissa aðila og hagsmunahópa hérlendis svo sem hjá vinnumiðlunum, ráðningarþjónustum, Landssambandi eldri borgara, aðilum vinnumarkaðarins, Tryggingastofnun ríkisins, starfsmenntasjóðum og félagsmálaráðuneyti. Sjá nánar í viðauka II a.

Nefndin hafði frumkvæði að því að unnin var könnun á viðhorfum til stöðu miðaldra fólks á vinnumarkaði. Könnunin var unnin í samvinnu við IMG-Gallup sem annaðist framkvæmd hennar. Könnunin var kostuð af félagsmálaráðuneytinu. Þá voru spurningar í viðhorfskönnun Samtaka atvinnulífsins samdar í samráði við nefndina. Í maí 2004 var haldin ráðstefna um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði undir nafninu „Ónýtt – ónýtt starfsorka? ráðstefna um atvinnumál 45+“. Að ráðstefnunni stóð Vinnumálastofnun, áhugahópur um atvinnumál miðaldra fólks, félagsmálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, BSRB, VR, Félag bókagerðarmanna, Efling-stéttarfélag, Samband íslenskra bankamanna, Rafiðnaðarsambandið, Landssamtök lífeyrissjóða ásamt nefnd þessari.

Á fund nefndarinnar mættu Þóra Ásgeirsdóttir forstöðumaður viðhorfsrannsókna IMG Gallup, Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ og Guðmundur S. Guðmundsson forsvarsmáður áhugahóps um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði.

Bingsályktun Alþingis og skipulag nefndarstarfsins

Í þingsályktunartillögum sem liggur að baki skipan nefndarinnar segir í greinargerð „...margt bendir til þess að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða fremur ungt fólk til starfa en eldra fólk, jafnvel þó síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólk sagð upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru ...“.

Í umræðum á Alþingi um þingsályktunartillögum fögnuðu þingmenn henni og töldu mjög til góða að fá umræðu um málefnið og að skort hefði á umræðu í samfélaginu um hina dýrmætu reynslu og þekkingu sem eldri starfsmenn á vinnustöðum búa yfir. Allir aðilar sem gáfu umsögn um tillögum fyrir utan einn lýstu sig sammála tillögum.

Frá upphafi var starf nefndarinnar miðað við það að kanna hvort aðstæður væru þess eðlis á vinnumarkaði að þörf sé með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur með uppsögnum eða mismunum í starfi. Einnig var sá möguleiki fyrir hendi í niðurstöðu nefndarinnar að ekki yrði mælt með lagasetningu. Erindisbréfið markaði svigrúmið fyrir starf nefndarinnar og hefur hún reynt að halda sig innan ramma þess. Verkefnið er þess eðlis að auðvelt er að fara um víðan völl og leita orsakatenginga og því markast umfjöllunin einkum af þörfum einstaklinganna. Þjóðfélagslegar breytur og áhrif þeirra fléttast þó óhjákvæmilega inn í umfjöllunina og þjóðfélagslegur ávinningur af vinnu miðaldra og eldra fólks verður vissulega til umfjöllunar enda óaðskiljanlegt í orsakasamhengi.

Nefndin setti sér viðmiðunaráldur 50–65 ára sem hún skilgreindi sem miðaldra og eldra fólk. Skilgreining Evrópusambandsins á eldra fólk er frá 55 ára aldri en nefndin var sammála um að 50 ára fólk á Íslandi er álitð miðaldra og enn með fulla starfsorku og ekki möguleikar á snemmtæknum lífeyri á þeim aldri. Umfjöllun um lífeyrismál verður ekki mikil í þessari skýrslu fyrir utan það sem beint tengist viðfangsefninu, en vísað til skýrslu sem unnin var árið 2002 á vegum forsætisráðuneytis og fjallar um sveigjanleg starfslok.¹

Við söfnun gagna fyrir starf nefndarinnar kom í ljós að ekki lágu fyrir rannsóknir um þetta málefni hér á landi og því engar mælanlegar niðurstöður fyrirbyggjandi hvað varðar þá tilfinningu manna að fólk væri mismunað eftir aldri eða látið gjalda aldurs á vinnustað. Því reyndist nauðsynlegt til að uppfylla kröfur erindisbréfsins að afla á einhvern hátt tölulegra staðreynda sem varpað gætu ljósi á málefnið. Sem fyrr segir voru allmargir aðilar beðnir um upplýsingar og verður gerð grein fyrir þeim eftir því sem við á.

IMG-Gallup vann viðhorfskönnun fyrir nefndina með það að markmiði að kanna stöðu miðaldra fólks á vinnumarkaði. Framkvæmdartíminn var 21. apríl–4. maí 2004 og var um að ræða símakönnun þar sem 1350 Íslendingar á aldrinum 16–75 ára voru valdir með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá. Fjöldi svarenda varð 800 eða 62.5% úrtaksins.

Samtök atvinnulífsins létu framkvæma viðhorfskönnun meðal sinna félagsmanna í júní 2004. Spurningar voru sendar til 828 aðildarfyrirtækja og svör bárust frá 437 eða 53%. Frá niðurstöðum kannananna verður greint í skýrslu þessari.

¹Forsætisráðuneytið: Nefnd um sveigjanleg starfslok, lokaskýrsla í október 2002

Nauðsynlegt er að tengja málefnið við þær samfélagslegu aðstæður sem miðaldra fólk á vinnumarkaði býr við og gera sér grein fyrir þjóðfélags- og mannfjöldaþróuninni, stöðu atvinnumála mismunandi aldurshópa á Íslandi, fá samanburð erlendis frá, kanna hvað íslensk lög hafa að geyma um réttindi þessa hóps, athuga hvað í kjarasamningum getur haft áhrif á stöðu hópsins, möguleikar á starfsmenntun og endurmenntun, lífeyrismál o.fl.

Með skýrslu þessari lýkur starfi nefndarinnar

19. nóvember 2004

Elín R. Líndal

Arna Jakobína Björnsdóttir

Einar Jón Ólafsson

Jón H. Magnússon

Guðrún S. Jónsdóttir

Guðmundur Hallvarðsson

Jóhanna Sigurðardóttir

Steinunn K. Pétursdóttir

Sigrún Magnúsdóttir

Ásta Lára Leósdóttir

Kristinn Tómasson

Gylfi Kristinsson

Tillögur og sérálit

Fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði.

Nefndin leggur til að stjórnvöld hefji nú þegar sérstakt fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Tryggt verði að málefnum þessa hóps verði sinnt sérstaklega á komandi árum, ásamt því að vekja athygli á málefnum.

Verkefninu verði ætlað að skapa jákvæða umræðu um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, bæta ímynd þeirra og gera farveg fyrir nauðsynlega viðhorfsbreytingu meðal aðila vinnumarkaðarins og í þjóðfélaginu í heild.

Verkefnið verði unnið í nánú samstarfi við þá aðila sem helst tengjast málefnum.

Nefndin leggur til;

að skipuð verði 7 manna verkefnisstjórn fyrir verkefnið,

að verkefnisstjórn starfi undir forystu félagsmálaráðuneytis og félagsmálaráðherra beri ábyrgð á framkvæmd verkefnisins og fjármögnun þess,

að félagsmálaráðherra skipi verkefnisstjórnina á grundvelli tilnefninga frá eftirfarandi aðilum, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúi SA einn fulltrúi, fjármálaráðuneyti einn fulltrúi, BSRB, BHM og KÍ einn sameiginlegur fulltrúi, ASÍ einn fulltrúi, Vinnumálastofnun einn fulltrúi. Formaður verði skipaður án tilnefningar,

að með verkefnisstjórn vinni starfsmaður í a.m.k. 20% stöðuhlutfalli og Vinnumálastofnun geri tillögu til ráðherra um hvar best sé að hann hafi starfsstöð.

að verkefnisstjórnin leggi í upphafi fyrir félagsmálaráðherra, aðgerða-og kostnaðaráætlun til fimm ára og síðan árlega yfirlit um framkvæmd ásamt endurskoðaðri áætlun,

að ráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu og þróun verkefnaáætlunarinnar að tveimur árum liðnum frá því að verkefnið fer af stað

að undir lok átaksins geri verkefnisstjórn tillögu um hvort frekari aðgerða er þörf í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af starfinu,

að verkefnisstjórnin komi nauðsynlegum ábendingum á framfæri við félagsmálaráðherra um aðgerðir er grípa þurfi til og upplýsi hann reglulega um stöðu verkefnisins. Í störfum sínum leggi verkefnisstjórn í samstarfi við tilnefningaraðila, áherslu á eftirfarandi þætti er snerta miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði:

- **Fræðslustarf**
- **Rannsóknir**
- **Áhrif á viðhorf**

Starfsmenntun, sí og endurmenntun

Unnið verði sérstaklega að starfsmenntun, sí- og endurmenntun fyrir miðaldra og eldri starfsmenn á vinnumarkaði. Niðurstöður í starfi nefndarinnar sýna að þessi hópur er síður virkur í endur- og starfsmenntun en aðrir hópar og því leggur nefndin áherslu á eftirfarandi:

a) Stutt verði við símenntun á vinnumarkaði í samræmi við lög um starfsmenntun í atvinnulífnum nr. 19/1992. Lagt verði sérstakt fjármagn til Starfsmenntasjóðs sem renni til átaks í starfs- og endurmenntunarmálum miðaldra og eldri starfsmanna á vinnumarkaði. Í því sambandi er lagt til að Starfsmenntaráð leggi sérstaka áherslu á stuðning við verkefni sem hafa að markmiði að efla sí- og endurmenntun miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði.

b) Umskólun er hugtak sem við á þegar skipt er um starfsvettvang, sem krefst endurmenntunar og þjálfunar til nýrra starfa.

Nefndin leggur til að varið sé í þessu skyni ákveðnum hluta af úrræðafé Vinnumiðlana sem greitt er úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt fjárlögum hvers árs og er á fjárlögum ársins 2004 merkt 07-984/1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði. Ákveðinn hluti yrði merktur úrræðum til styrktar hópi miðaldra og eldri sem eru atvinnulausir.

c) Í lögum um Atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997 eru úrræði fyrir hinn atvinnulausa bundin því að hann eigi rétt til atvinnuleysisbóta. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að ekki er til staðar bótaréttur s.s. vegna þess að annað hjóna hefur verið heimavinnandi og fólk sem af einhverjum ástæðum hefur ekki áunnið sér rétt til atvinnuleysisbóta.

Nefndin beinir því til félagsmálaráðherra, að hugað verði sérstaklega að réttindum atvinnulauss fólks sem ekki hefur bótarétt samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar.

Rannsóknir

Við upplýsingasöfnun í starfi nefndarinnar kom í ljós að mjög skorti á tölulegar upplýsingar um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði á Íslandi. Erlendar þjóðir búa að mikilli þekkingu um þennan hóp, sbr. upplýsingar í skýrslunni um atvinnuþáttöku hópsins í OECD ríkjum. Nefndin telur æskilegt að stjórnvöld geti borið ástand hér á landi saman við ástand í öðrum löndum og því leggur hún til að gerðar verði athuganir varðandi miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði.

Nefndin leggur fram hugmyndir að rannsóknarverkefnum sem felast einkum í eftirfarandi:

- a) Aflað verði frekari upplýsinga um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði í samanburði við önnur Norðurlönd.
- b) Rannsókuð verði mismunandi staða og þarfir karla og kvenna á vinnumarkaði eftir því hvar þau eru stödd á æviskeiðinu. Í framhaldi verði unnið að gerð þarfalíkans (barometer) þar sem hægt yrði að nálgast upplýsingar á hverjum tíma um stöðu mismunandi aldurshópa á vinnumarkaði. Leitað verði eftir því að vinna rannsóknina og gerð líkansins í norrænni samvinnu og með stuðningi úr samnorrænum sjóðum.
- c) Kanna áhrif örorku og tryggingabóta á atvinnuþátttöku miðaldra og eldra fólks.
- d) Kanna hvort langtímaatvinnuleysi er almennara í þessum hópi en öðrum aldurshópum með tilliti til orsaka og afleiðingar fyrir þá sem fyrir því verða.
- e) Kanna hvaða aðferðir séu best fallnar til endurmenntunar/umskólunar til að bæta stöðu miðaldra og eldri starfsmanna á vinnumarkaði.
- f) Kannaður verði þjóðhagslegur kostnaður við brotthvarf miðaldra og eldra fólks af vinnumarkaði.

Verkefni og áhrif á viðhorf

Verkefnisstjórn vinni markvisst að því að breyta viðhorfi m.a. með eftirfarandi:

- a) Halda ráðstefnur eða málþing með það að markmiði að efla umræður um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði og auka víðsýni og þekkingu á málaflokknum.
- b) Leitað verði eftir samstarfi við stjórnendur fyrirtækja, þ.m.t. ráðningarþjónusta og vinnumiðlana með það að markmiði að vekja athygli á styrkleikum þessa hóps sem m.a. felst í reynslu og stöðugleika á vinnumarkaði.
- c) Leitað verði eftir samstarfi við stjórnendur fyrirtækja með það að markmiði að auka sveiganleika varðandi eldri starfsmenn á vinnustað s.s. með lækkun starfshlutfalls eða tilfærslu í starfi.
- d) Árlega verði veitt í samstarfi við félagsmálaráðherra sérstök viðurkenning þeim einstaklingi, fyrirtæki eða stofnun sem hafa sýnt framtakssemi á sviði málefna miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði.
- e) Stuðlað verði að áhrifum á viðhorf í gegnum fjölmiðla, staðið verði fyrir greinarskrifum, viðtölum og auglýsingum.
- f) Leitað verði eftir samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld sem hlut eiga að máli, um að hrinda af stað verkefnum sem miða að því að bæta stöðu miðaldra og eldri starfsmanna á vinnumarkaði.
- g) Stjórnvöld leiti eftir umsögn verkefnisstjórnar á undirbúningsstigi um aðgerðir eða breytingar á lögum og/eða reglugerðum sem áhrif hafa á stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaðinum.

Sérálit I

Nefndarmennirnir Ásta Lára Leósdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Jón H. Magnússon og Steinunn Kristín Pétursdóttir telja hvorki tilefni til að setja sérstök lög né sérstaka ástæðu til að innleiða tilskipun Evrópusambandsins varðandi málefni miðaldra fólks á íslenskum vinnumarkaði. Álit okkar er byggt á þeim upplýsingum og gögnum sem nefndin aflaði sér og koma fram í skýrslu nefndarinnar.

Almennt.

Nefndin aflaði ýmissa upplýsinga og gagna í því skyni að kanna stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Mjög litlar vísbendingar fundust um mismunun í garð þessara hópa eða skerta stöðu þeirra að nokkru leyti.

Viðhorfskannanir.

Nefndin fékk Gallup til að gera viðhorfskönnun til stöðu miðaldra fólks á vinnumarkaði. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er ekki um að ræða aldurstengda mismunun á vinnumarkaði á Íslandi.

Nokkrar ráðningarstofur og vinnumiðlanir voru fengnar til að tjá nefndinni mat sitt og voru þær flestar þeirrar skoðunar að miðaldra og eldra fólk stæði ekki höllum fæti á vinnumarkaði. Álit þeirra var að atvinnurekandi leiti einkum eftir þekkingu, menntun og reynslu við ráðningu í starf.

Samtök atvinnulífsins gerðu könnun meðal félagsmanna sinna í júní 2004 þar sem lagðar voru fyrir spurningar að ósk nefndarinnar. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að 50 ára og eldri væru mjög traustir starfskraftar að mati atvinnurekenda.

Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi.

Atvinnuþátttaka miðaldra og eldra fólks er lang hæst héraendis þegar borið er saman við önnur lönd OECD. Í aldurshópnum 60-64 ára sker Ísland sig úr í öllum samanburði, þar sem 85% þessa aldurshóps eru á vinnumarkaði hér á landi. Í áhrifamestu löndum Evrópusambandsins, Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi, er atvinnuþátttaka þessa aldurshóps 14 – 39%. Það er því ekki að undra að þær þjóðir séu að gera sérstakt átak til að breyta ástandinu með setningu tilskipunar 2000/78/EB.

Hvað atvinnuleysið varðar kemur fram í gögnum Vinnuálastofnunar og Hagstofunnar að atvinnuleysi hefur aukist verulega frá árinu 2000. Það sem vekur þó athygli er að árið 2000 voru 23% atvinnulausra í aldurshópnum 60-70 ára á móti 36% atvinnulausra í aldurshópnum 25-39 ára. Árið 2003 höfðu þessar tölur breyst þannig að 10% atvinnulausra voru í aldurshópnum 60-70 ára á móti 40% atvinnulausra í aldurshópnum 25-39 ára. Bendir það til þess að staða ungs fólks sé síst skárri en þeirra eldri.

Misjöfn sjónarmið varðandi lagasetningu.

Skiptar skoðanir voru uppi innan nefndarinnar um það hvort það myndi styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði að setja sérstök lög og einnig um það hvort yfir höfuð sé hægt að setja lög sem tryggja stöðu þessa hóps fremur en annarra. Mikilvægt er að ekki verði sett lög sem í reynd draga úr sveigjanleika ráðningarumhverfis eldra starfsfólks, þar sem slík lög gætu haft þveröfug áhrif.

Niðurstaða.

Á lokaspretti nefndarinnar var komist að samkomulagi um að leggja til að stjórnvöld setji af stað verkefni til fimm ára varðandi málefni miðaldra og eldra starfsfólks á vinnumarkaði. Ætlunin með verkefninu er að málefnum þessa hóps verði sinnt sérstaklega á komandi árum af sérstakri verkefnisstjórn, ásamt því að vekja athygli á málaflokknum. Þá er gert ráð fyrir að stjórnvöld stefni að því að hafa jákvæð áhrif á viðhorf almennings og aðila vinnumarkaðarins til miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði og verkefnið verði unnið í nánú samstarfi við þá aðila sem helst tengjast þessum málaflokki.

Af öllu framangreindu virðist undirrituðum sem viðhorfsbreytingin, sem ætlað er að ná fram með verkefninu, geti gert gæfumuninn hvað varðar stöðu þessa aldurshóps á vinnumarkaðnum, og er niðurstaða okkar því sú, ef stjórnvöld fallast á tillögu um fimm ára verkefnið, að hvorki sé ástæða til að setja sérstök lög né innleiða tilskipun Evrópusambandsins. Við teljum að framangreind vinna verkefnisnefndar geti leitt til annarra áherslna og tillagna en nú er hægt að gera.

Reykjavík, 5. nóvember 2004.

Ásta Lára Leósdóttir

Guðmundur Hallvarðsson

Jón H. Magnússon

Steinunn Kristín Pétursdóttir

Sérálit II

Við undirrituð fulltrúar ASÍ, BSRB, þingflokks Samfylkingarinnar og þingflokks Vinstri grænna leggjum hér með fram álit okkar og niðurstöður í nefnd til að kanna stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

Afstaða okkar til þessa máls grundvallast á þeirri sýn að allir eigi jafnan rétt til að stunda atvinnu og starf óháð aldri, kyni, kynþætti, trúarbrögðum, litarhætti og öðrum þáttum og að hvers konar mismunun á grundvelli þessara þátta sé óásættanleg.

Í starfi nefndarinnar hafa ekki komið fram beinar eða afdráttarlausar sannanir fyrir því að eldra fólk (50 – 65 ára) búi við almenna eða kerfisbundna mismunun á vinnumarkaði hvað varðar kjör, vinnuaðstæður eða starfsframa. Hins vegar hafa komið fram ákveðnar vísbendingar sem hníga að því að fólk yfir miðjum aldri standi höllum fæti á vinnumarkaði, sérstaklega hvað varðar starfsframa, símenntun og endurráðningu, missi það atvinnu. Atvinnuþátttaka eldra fólks hér á landi er með því mesta sem gerist meðal OECD-ríkja eða um 84%. Þetta mikla vinnuframlag eldra fólks felur í sér mikilvægt framlag til atvinnulífsins og samfélagsins alls. Það er því mikilvægt að við njótum starfa þessara einstaklinga eins og vilji þeirra, heilsa og kraftar standa til.

Í könnunum SA hefur það komið fram að stjórnendur fyrirtækja meti vinnuframlag eldra starfsfólks jafnt og yngra fólks og í minni fyrirtækjum er það jafnvel talið verðmætara. Kannanir hafa einnig leitt í ljós að eldra fólk (50 ára og eldra) er mun sjaldnar frá vinnu vegna veikinda en yngra fólk og það er mun jákvæðara gagnvart vinnunni. Þrátt fyrir það hafa komið fram ákveðnar vísbendingar um að þessi hópur standi höllum fæti á vinnumarkaði. Í viðhorfskönnun sem Gallup gerði fyrir nefndina kemur fram að eldra fólk virðist vera minna metið á vinnumarkaðnum en yngra fólk og að það eigi minni möguleika á starfsframa. Það koma einnig fram vísbendingar um að eldra fólk sækir sér síður símenntun eða starfsþjálfun en yngra fólk. Í viðhorfskönnunni kemur einnig fram að tæplega 10% aðspurðra telja að starfsfólki á sínum vinnustað hafi verið sagt upp vegna aldurs eða ekki verið endurráðið vegna aldurs.

Í starfi nefndarinnar kom og í ljós, að ólíkt því sem gerist á hinum Norðurlöndunum, er hér á landi ekki að finna ákvæði um sérstaka vernd eldra fólks á vinnumarkaði gegn uppsögnum eða annarri aldurstengdri mismunun, að frátöldum lögum nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanns.

Bein eða óbein mismunun eldra fólks á vinnumarkaði er heldur ekki skilgreind í íslenskum lögum. Í þessu tilliti stöndum við því nokkuð að baki nágrannalanda okkar. Sem dæmi má nefna að hin Norðurlöndin hafa hafið aðgerðir til að sporna gegn mismunun vegna aldurs og annarra þátta. Þau hafa hins vegar farið nokkuð mismunandi leiðir hvað það varðar og ganga Finnland og Noregur lengst í þessum efnum. Þá hafa þau Norðurlandanna sem eru aðilar að Evrópusambandinu skuldbundið sig til að innleiða tilskipun ESB um jafna meðhöndlun á vinnumarkaði, sem m.a. nær til eldra fólks á vinnumarkaði. Þá hefur Noregur þegar lögleitt þessa tilskipun.

Af framangreindu er ljóst, að mikilvægt er að treysta frekar réttindi og stöðu eldra fólks á vinnumarkaði. Það er ekki síður mikilvægt að tryggja fólki sem komið er á efri ár efnahagsleg og félagsleg skilyrði til að hverfa af vinnumarkaði og skapa þeim möguleika á að aðlagast breyttum aðstæðum með sveigjanlegum starfslokum.

Í framhaldi af starfi nefndarinnar og þeim upplýsingum sem þar hafa komið fram, er mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti til að treysta stöðu og möguleika eldra fólks á vinnumarkaði.:

- setja þarf rammalöggjöf sem innleiðir þau efnisatriði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB sem lúta að eldra fólki á vinnumarkaði. Með henni verði m.a. réttarstaða eldra fólks á vinnumarkaði bætt og það tryggt að því verði ekki mismunad á vinnumarkaði.
- Mikilvægt er að tryggja að eldra fólk á vinnumarkaði eigi möguleika á símenntun, bæði að það nýti sér þá möguleika sem eru fyrir hendi og eins að það fái tækifæri til þess að nýta sér þau.
- Ljóst er að kerfisbundið mat á raunfærni fólks á vinnumarkaði og þar með formleg viðurkenning á þeirri þekkingu og hæfni sem fólk hefur tileinkað sér í lífi sínu og starfi, hefur sérstaklega mikla þýðingu fyrir eldra fólk á vinnumarkaði. Hér þarf annars vegar að tryggja réttindi og möguleika eldra fólks til starfsmenntunar og starfsþjálfunar til samræmis við aðra starfsmenn, sem gera má með löggjöf sbr. hér fyrir ofan. Hins vegar er nauðsynlegt að huga sérstaklega að tækifærum og úrræðum til menntunar, sem eru ætluð þessum hópi og taka mið af þörfum hans.
- Auka þarf sveigjanleika fyrir eldra fólk varðandi starfslok og aðdraganda þeirra.

Rammalöggjöf gegn mismunun í starfi og á vinnumarkaði vegna aldurs

Hlutverk nefndarinnar var að kanna á hvern hátt unnt væri með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað. Við leggjum til að sett verði sérstök lög sem innleiða þá efnisþætti tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB sem lúta að banni við mismunun á vinnumarkaði vegna aldurs.

Tilgangur laganna væri að setja almenna rammalöggjöf sem miðar að því að koma í veg fyrir mismunun vegna aldurs og fleiri þátta, með það að markmiði að tryggja jafnan rétt á vinnumarkaði.

Með mismunun er hér átt við:

- a) beina mismunun
- b) óbeina mismunun.

Við setningu slíkra laga er mikilvægt að þau nái bæði yfir almenna vinnumarkaðinn og hinn opinbera og fjalli m.a. um eftirtalda þætti:

- a) aðstæður og skilyrði er varða möguleika til ráðningar og starfa,
- b) aðgang að starfsþjálfun og menntun,

- c) ráðningarkjör - og starfsskilyrði,
- d) aðild að samtökum launafólks og atvinnurekenda.

Aðgerðir til að ná markmiðunum

Meginreglan um jafnrétti komi ekki í veg fyrir að gripið sé til aðgerða sem ætlað er að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Kveðið verði á um skyldur atvinnurekenda til að gera nauðsynlegar og eðlilegar ráðstafanir sem tryggja að markmið laganna um jafnrétti á vinnumarkaði og í starfi náist. Einnig verði kveðið á um hlutverk og skyldur stjórnvalda til að stuðla að því að markmið laganna náist.

Frávik

Í umræddum lögum verði kveðið á um eðlileg frávik frá meginreglu varðandi heimildir til að setja skilyrði um líkamlegt og andlegt heilbrigði eða burði, aldur og þroska, ef hlutlægar aðstæður krefjast þess.

Aðgerðir og eftirfylgni

Í lögunum verði ennfremur kveðið á um eftirfarandi, m.a.:

- nauðsynlegar heimildir til að fylgja markmiðum lagana eftir.
- málsmeðferð og sönnun þegar einstaklingar telja að brotið hafi verið á þeim.
- úrræði sem ætlað er að koma í veg fyrir að einstaklingar missi starf sitt eða sé með öðrum hætti refsað fyrir að nýta sér rétt sinn samkvæmt lögum.
- söfnun og úrvinnslu upplýsinga er varða markmið og framkvæmd laganna.
- samráð stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka hlutaðeigandi hópa, varðandi markmið og framkvæmd laganna.
- hver eigi að bera ábyrgð á framkvæmd laganna og samráðinu.
- bætur og viðurlög vegna brota á lögunum.

Einnig komi fram að lögin séu sett með tilvísun í tilskipun ESB 2000/78/EB.

Á löggjöfin að ná til fleiri hópa á vinnumarkaði?

Eins og áður segir, var það meginhlutverk nefndarinnar að kanna á hvern hátt væri unnt með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað.

Áðurnefnd tilskipun Evrópusambandsins, sem miðar að því að tryggja að fólk sé ekki beitt mismunum á vinnumarkaði, nær yfir fleiri þætti en aldur, svo sem fötlun, trú og kynhneigð. Í þessu sambandi má geta þess að félagsmálaráðherra hefur lýst yfir vilja til þess að innleiða umrædda tilskipun í íslensk lög. Einnig hafa önnur Norðurlönd, þar á meðal Noregur innleitt viðkomandi tilskipun í sína löggjöf og önnur EFTA ríki hafa jafnframt lýst yfir vilja til að innleiða efnisþætti hennar.

Undirrituð hvetja því til þess að sett verði lög sem innleiða aðra efnisþætti tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB um almennan ramma fyrir jafna meðhöndlun í atvinnu og starfi og við setningu laganna verði sérstaklega litið til sambærilegrar löggjafar í Noregi.

9. nóvember 2004

Einar Jón Ólafsson og
Ingunn S. Þorsteinsdóttir
fulltrúar ASÍ

Arna Jakobína Björnsdóttir
fulltrúi BSRB

Jóhanna Sigurðardóttir
fulltrúi þingfl. Samfylkingarinnar

Guðrún Jónsdóttir
fulltrúi þingfl. Vinstri grænna

Sérálit III

Nefndarmennirnir Elín R. Líndal og Sigrún Magnúsdóttir leggja til að innleidd verði í íslensk lög tilskipun Evrópusambandsins 2000/78/EB.

Að öðru leyti vísast til niðurstöðu skýrslunnar.

Reykjavík 5. nóvember 2004

Elín R. Líndal

Sigrún Magnúsdóttir

Umsagnir

Í allmörg ár hefur því verið haldið fram í umræðunni að ákveðin æskudýrkun sé við lýði á vinnumarkaði og þá talið að fremur ungt fólk sé ráðið til starfa og jafnvel eldra fólki sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru. Nefndin óskaði eftir umsögnum hjá nokkrum stórum ráðningarskrifstofum og svæðisvinnumiðlunum, Landssamtökum eldri borgara og aðilum vinnumarkaðarins.

Landssamband eldri borgara

Í svari Landssambands eldri borgara kom fram að stjórn sambandsins hafði ekki vitneskju um tölfræðileg gögn sem styddu hugmyndir eða tilfinningu stjórnar landssambandsins, að um mismunun væri að ræða. Hins vegar höfðu allir stjórnarmenn haft spurnir af aldurstengdri mismunun fólks á vinnumarkaði, bæði vegna nýráðninga starfsmanna og uppsagna úr störfum. Stjórn landssambandsins taldi þó enn alvarlegra að eldra fólk á vinnumarkaði ætti undir högg að sækja með að fá að sækja starfstengd endurmenntunarnámskeið sem síðan leiddi til þess að þetta eldra fólk ætti torveldara með að tileinka sér nýja tækni og starfshætti og það síðan notað sem ástæða til að segja því upp störfum.

Vinnumiðlanir og ráðningarþjónustur

Þeir forsvarsmenn svæðisvinnumiðlana sem svöruðu erindi nefndarinnar töldu að í gegnum þeirra starf væri ekki hægt að greina beina aldurstengda mismunun á vinnumarkaði.

Í svari Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins kom fram að í rannsókn sem gerð var árið 2001 á langtímaatvinnulausum (sem verið hafa 6 mánuði eða lengur án atvinnu) á höfuðborgarsvæðinu, að aldurshópurinn 55 ára og eldri var fjölmennastur í hópi langtímaatvinnulausra. Einnig kom í ljós að meirihluti þessa hóps var ekki í atvinnuleit, oftast vegna heilsufarsástæðna. Vinnumiðlunin varð nokkuð vör við kvartanir frá atvinnurekendum um að tölvuþekking elsta hópsins væri takmörkuð en til dæmis eru algengustu ókastörf miðaldra kvenna skrifstofustörf.

Í svari þriggja ráðningarskrifstofa kom fram að reynsla þeirra væri einkum sú að fyrirtæki leituðu fyrst og fremst að starfsfólki eftir reynslu, menntun og þekkingu en ekki aldri. Engin tölfræðileg gögn væru til sem staðfestu þetta en mat ráðgjafa fyrirtækjanna var að fyrirtæki horfi frekar til reynslu, menntunar og þekkingar við ráðningar en aldurs. Í svari þeirra kom einnig fram að þeir einstaklingar standi betur að vígi um störf sem viðhalda kunnáttu sinni, afla sér símenntunar og tileinka sér nýjungar, til dæmis á sviði tölvu og tækni. Ein ráðningarskrifstofan tók þó fram að einstaklingar í aldurshópnum 50–65 ára væru sjaldan meðal umsækjenda um störf sem auglýst væru undir nafni ráðningarþjónustunnar. Í svari sömu skrifstofu kom fram að erfiðara reynist fyrir karla á aldrinum 50–60 ára að fá vinnu en konur og eftir 60 ára aldurinn eigi umsækjendur orðið mjög erfitt með að fá vinnu.

Alþýðusamband Íslands

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) taldi sig ekki búa yfir beinum eða afdráttarlausum sönnunum eða upplýsingum um almenna eða kerfisbundna mismunun þessa hóps á vinnumarkaði hvað varðar kjör, vinnuaðstæður eða starfsframa. Hins vegar gefi ýmsar upplýsingar tilefni til að skoða með hvaða hætti megi treysta stöðu þessa hóps gagnvart vinnumarkaðinum, stöðu eldra fólks með tilliti til vaxandi langtíma atvinnuleysis og örorku og dæma úr daglega lífinu. ASÍ lagði jafnframt áherslu á nokkra þætti til að treysta stöðu og möguleika eldra fólks á vinnumarkaði sem eru eftirfarandi:

Setja ber löggjöf sem treystir betur en nú er, réttarstöðu eldra fólks á vinnumarkaði og tryggir að því sé ekki mismunað og að samfélagið njóti verðmætra starfskrafta þess. Slík löggjöf byggir á þeim almennu jafnréttissjónarmiðum sem fram koma í stjórnarskrá og lykillöggjöf á vinnumarkaði og taki sérstaklega á þáttum er varða stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og réttindum þess.

Mikilvægt er að tryggja fólki á vinnumarkaði möguleika til símenntunar. Símenntun gegnir einkar mikilvægu hlutverki fyrir þennan hóp. Þá er ljóst að kerfisbundið og viðurkennt mat á raunfærni fólks á vinnumarkaði hefur mikla þýðingu fyrir eldra fólk á vinnumarkaði. Hér þarf annars vegar að tryggja réttindi og möguleika eldra fólks til starfsmenntunar og þjálfunar til samræmis við aðra starfsmenn, sem gera má með löggjöf samanber hér að framan. Hins vegar er nauðsynlegt að huga sérstaklega að menntunarúrræðum sem varða þennan hóp sérstaklega og tekur á þörfum hans.

Auka þarf sveigjanleika fyrir eldra fólk varðandi starfslok og aðdraganda þeirra.

Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins (SA) töldu að ekki væri um alvarlegt vandamál að ræða þótt án efa væru dæmi um að einstakir vinnustaðir kysi yngra fólk fremur en það eldra sem og hið gagnstæða. Hérlandis hefur verið mikil eftirspurn eftir eldra fólki á vinnumarkaði og gjarnan er haft á orði að eldra starfsfólkið sé áreiðanlegt, samviskusamt og hafi ríka ábyrgðartilfinningu, auk þess að það búi að mikilli þekkingu og reynslu. SA hafa lagt á það áherslu í umfjöllun sinni um jafnréttismál að kjósi fyrirtæki að ganga fram hjá hæfasta einstaklingnum hverju sinni, þá sé einfaldlega um að ræða óskynsamlega ráðstöfun á hagnaði. Benda samtökin jafnframt á að ástæða sé til að kanna að hve miklu leyti eldra fólk á vinnumarkaði aftar sér símenntunar til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB)

Í svari BRSR voru settar fram eftirfarandi megináherslur um aðgerðir til að ná fram þeim markmiðum að kanna leiðir til að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi:

- Setja þurfi rammalöggjöf þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að láta starfsfólk gjalda aldurs hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi og jafnframt sé atvinnurekanda skylt að rökstyðja uppsögn. Atvinnurekanda sé jafnframt skylt að gefa eldra starfsfólki tækifæri til endurmenntunar í starfi áður en til uppsagnar er gripið.
- Tryggja þurfi sérstaklega að eldra fólk á vinnumarkaði njóti símenntunar og endurmenntunar svo að það geti tileinkað sér nýjungar á vinnumarkaði.
- Sjá þurfi til þess að opinberar vinnumiðlanir og ráðningarskrifstofur taki á ábyrgan hátt þátt í því að stuðla að viðhorfsbreytingu gagnvart eldra fólk í tengslum við ráðningar í starf.
- Tryggja þarf með lögum eða með samningum að uppsagnarfrestur lengist í samræmi við hækkandi aldur og starfsaldur.
- Árlega verði varið fjármunum til að örva umræðu í þjóðfélaginu um þetta málefni og vekja athygli stjórnenda stofnana og fyrirtækja á því hve reynsla og þekking eldri starfsmanna er verðmæt.
- Stofnuð verði nefnd í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins sem hafi það hlutverk að leggja mat á þróunina og fylgja lagasetningunni eftir með ýmsum leiðum, til dæmis könnunum á vinnustað, skýrslugjöf, tillögum, ráðstefnum o.s.frv.

Samandregnar helstu niðurstöður kaflans

Svör umsagnaraðila eru mismunandi. Sumir telja að eldra fólk eigi undir högg að sækja á vinnumarkaði, aðrir ekki. Ráðningarþjónustur og vinnumiðlanir telja að atvinnurekendur leiti einkum að þekkingu, menntun og reynslu við ráðningar í störf. Ráðningarþjónustur telja að eldra fólk en 60 ára, eigi erfiðara að fá störf en yngra fólk. ASÍ og BSRB stærstu launþegasamtökin, telja að vísbendingar séu um að eldra fólk á vinnumarkaði standi höllum fæti, og því er mikilvægt að treysta stöðu eldra fólks á vinnumarkaði með löggjöf og tryggja þessum hópi aðgang að símenntun. SA telja að ekki sé um alvarlegt vandamál að ræða, héraendis hafi verið mikil eftirspurn eftir eldra fólk á vinnumarkaði og ekki sé þörf á lagasetningu.

Viðhorfskannanir

Viðhorfskönnun Gallup

Í störfum og gagnasöfnun nefndarinnar kom í ljós að engar rannsóknir eða kannanir voru fyrirleggjandi um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði á Íslandi með tilliti til þess hvort það er látið gjalda aldurs síns eður ei. Erlendis hefur verið gerður fjöldi rannsókna og kannana um þetta efni og torveldaði það störf nefndarinnar við að leggja mat á stöðuna hér að engin samanburðargögn eða upplýsingar voru til staðar. Nefndin hafði því frumkvæði að gerð könnunar þar sem einkum var lögð áhersla á að fá fram stöðu og viðhorf þessa hóps og einnig hver viðhorf til þessa hóps væru í samfélaginu almennt, einkum með tilliti til ráðningar/endurráðningar og uppsagnar. Einnig skorti upplýsingar um endurmenntunarþáttinn, en í umræðunni og í svörum hagsmunaaðila sem nefndin skrifaði til og getið er um hér að framan, er sá þáttur einkum talinn áhrifa- og skýribreyta varðandi möguleika miðaldra og eldra fólks á vinnustað. Miklar og hraðar breytingar eiga sér stað á stuttum tíma á vinnumarkaði nútímans og tæknibreytingar mjög örar. Tækniþekking úreldist hratt og til þess að vera gjaldgengur á vinnumarkaði samtímans þarf sífellda og stöðuga endurmenntun.

Félagsmálaráðuneytið kostaði gerð könnunarinnar sem IMG-Gallup framkvæmdi.

Svarhlutfall könnunarinnar var 62,5%. Spurningar voru samtals 15. Allir þátttakendur voru spurðir spurninga 1, 12, 13 og 14.

Þeir sem sögðust vera á vinnumarkaði voru spurðir spurninga 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11 og 15.

Einungis þeir sem voru 50 ára og eldri voru spurðir spurningar 2.

Sjá nánar í viðauka I A


Niðurstöður úr könnuninni benda ekki til þess að eldra fólk búi við almenna eða kerfisbundna mismunun á vinnumarkaði.

Spurning 2 Gallup: Hefur þér verið sagt upp störfum vegna aldurs eða ekki fengið vinnu vegna aldurs?

Einungis þeir sem voru 50 ára eða eldri voru spurðir þessarar spurningar.

Þegar spurt er hvort viðkomandi hafi verið sagt upp störfum vegna aldurs eða ekki fengið vinnu vegna aldurs kemur í ljós að tæp 97% segja aldrei, 2,4% segjast ekki hafa fengið vinnu vegna aldurs og 0,8% segja að sér hafi verið sagt upp störfum vegna aldurs.


Spurning 6 Gallup: Telur þú að á síðustu 2 árum hafi einhverjum starfsmanni á þínum vinnustað verið sagt upp störfum vegna aldurs?



Hinsvegar þegar spurt var hvort viðkomandi teldi að á síðustu 2 árum hafi einhverjum starfsmanni á vinnustað viðkomandi verið sagt upp störfum vegna aldurs, kom í ljós að 7,3% sögðu já, en 92,7% nei.

Spurning 7 Gallup: Telur þú að á síðustu 2 árum hafi einhver starfsmaður á þínum vinnustað ekki verið endurráðinn vegna aldurs?


Þegar spurt var hvort einhver starfsmaður á vinnustað viðkomandi hafi ekki verið endurráðinn vegna aldurs á síðustu 2 árum, kom í ljós að 9,1% taldi svo vera en 90,9% taldi að svo væri ekki. Þessar tvær spurningar voru einungis lagðar fyrir þá sem sögðust vera á vinnumarkaði. Vekur það spurningar um reynslu hinna 50 ára og eldri sem ekki eru á vinnumarkaði samkvæmt könnuninni en það var um 9% úrtaksins.



Nokkur munur var á milli höfuðborgar og landsbyggðar en færri af landsbyggðarfólki taldi að einhverjum á þeirra vinnustað hefði verið sagt upp störfum vegna aldurs og má geta sér þess til að náðin geti skýrt eitthvað af þeim mun. Á fámennum stöðum þar sem allir eru kunnugir, er líkleggra að tekið sé tillit til félagslegrar stöðu viðkomandi, en í fjölmenninu þar sem fjarlægðin við stjórnendur er meiri. Varast ber alhæfingu þar sem svo fáir einstaklingar eru á bak við hvert prósentuhlutfall.

Af svörum við þessum þremur spurningum má ráða annarsvegar að aðeins átta (1,6%) af þeim 237 sem voru 50 ára og eldri í úrtakinu höfðu sjálf reynslu af mismunum vegna aldurs. Hinsvegar gefa svörin við 6. og 7. spurningu til kynna að milli 7 og 9% fólks á vinnumarkaðinum, telur sig þekkja til að öðrum hafi verið mismunað vegna aldurs á sínum vinnustað.

Spurning 5 Gallup: Möguleikar þeirra sem eru eldri en 50 ára til að fá stöðuhækkun miðað við þá sem yngri eru.




Þegar spurt var út í möguleika þeirra sem eldri eru en 50 ára, til að fá stöðuhækkun miðað við þá yngri, voru einungis þeir spurðir sem sögðust vera á vinnumarkaði. Þeir sem svöruðu „hvorki né“ voru 50,8% en þeir sem töldu það „auðveldara“ voru 13,3% og 35,9% töldu það vera „erfiðara“ fyrir eldra fólk en 50 ára að fá stöðuhækkun.

Spurning 10 Gallup: Telur þú að á þínum vinnustað sé tekið mikið eða lítið tillit til eldra fólks varðandi vinnuálag?

Spurning 11 Gallup: Telur þú að á þínum vinnustað sé tekið mikið eða lítið tillit til yngra fólks varðandi vinnuálag?


Spurt var hvort viðkomandi telji að mikið eða lítið tillit sé tekið til eldra fólks varðandi vinnuálag og svo samhljóðandi spurning vegna yngra fólks. Í svörum við spurningu sem sneri að eldra fólki kom fram aldurstengdur munur þannig að yngra fólk taldi frekar að það væri tekið tillit til eldra fólks.

Spurning 12 Gallup: Telur þú að yngra fólk sé meira metið á vinnumarkaði en þeir sem eldri eru, eldra fólk sé meira metið eða að það fari ekki eftir aldri fólks hvernig það er metið á vinnumarkaði?



Hlutfall þeirra sem telja að fólk sé ekki metið út frá aldri er 43,0%. 45,9% telja að yngra fólk sé meira metið og 11,2% að eldra fólk sé meira metið. Þarna er marktækur munur á svörum með tilliti til aldurs, menntunar og starfs svarenda. Hlutfall háskólamenntaðra sem telja að yngra fólk sé meira metið en eldra er 57,4% en 4,5% hópsins telur að eldra fólk sé meira metið. Hlutfall grunnskólamenntaðra sem telja að yngra fólk sé meira metið en eldra er 38,4% en 21,2% hópsins telur að eldra fólk sé meira metið en yngra.


Spurning 13 Gallup: Telur þú að starfsmenn eldri en 50 ára séu almennt jákvæðari eða neikvæðari í garð vinnunnar en þeir sem eru yngri en 50 ára eða telur þú að viðhorf til vinnunnar fari ekki eftir aldri?



Marktækur munur milli hópa reyndist vera með tilliti til kyns, aldurs, búsetu, fjölskyldutekna og starfs. Þar virðist sem eldra fólk telji eldra fólk vera jákvæðara til vinnunnar. Af þeim sem töldu eldri en 50 ára vera jákvæðari í garð vinnunnar komu flestir úr hópi þeirra sem hafði


fjölskyldutekjur lægri en 250 þúsund.

Spurning 3 Gallup: Hefur þú á sl. 2 árum sótt endurmenntun eða starfsþjálfun á vegum vinnuveitanda þíns?



Einungis þeir sem voru á vinnumarkaði voru spurðir þessarar spurningar. „Já“ sögðu 42,8% svarenda en 57,2% „nei“. Munur kemur fram á milli aldurshópa þar sem dregur úr endurmenntun eftir aldri fyrir utan að yngsti hópurinn 16–24ra ára hefur minnst sótt endurmenntun eða starfsþjálfun.

Spurning 4 Gallup: Telur þú að yngra fólk á þínum vinnustað hafi betri möguleika að sækja endurmenntun og eða starfsþjálfun, að eldra fólk hafi betri möguleika eða telur þú að yngra og eldra fólk á þínum vinnustað hafi sömu möguleika að sækja endurmenntun og/eða starfsþjálfun?



Flestir töldu jafna möguleika yngra og eldra fólks á að sækja sér starfsþjálfun og/eða endurmenntun eða 89,9%. Þeir sem töldu að yngra fólkið hefði betri möguleika voru 6,6% og þar hafði aldur svarenda marktæk áhrif, þ.e. í aldurshópnum 55–75 ára voru 15,8% þeirra skoðunar að yngra fólkið hefði betri möguleika en í aldurshópnum 25–34ra ára einungis 1,6%. Þeir sem töldu að eldra fólk hefði meiri möguleika voru einkum í yngsta hópnum 16–24ra ára.

Sjá nánar um niðurstöður viðhorfskönnunarinnar í viðauka I A

Könnun Samtaka atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins létu framkvæma viðhorfskönnun meðal sinna félagsmanna í júní 2004. Spurningar sem samdar voru í samráði við nefndina voru sendar til aðildarfyrirtækja samtakanna og var svörunin 53%.

Helstu niðurstöður voru þær að starfsfólk á aldrinum 50 ára og eldra er mun sjaldnar frá vinnu vegna veikinda en yngra fólk, vinnur e.t.v. örlítið hægar en yngra fólkið og er mun jákvæðara í garð vinnunnar.

Sjá nánar um niðurstöður í viðauka I B

Könnun SA árið 2002 og norræn vinnumarkaðsrannsókn

Í desember 2002 framkvæmdi SA könnun meðal félagsaðila sinna þar sem kannað var viðhorf til eldra starfsfólks en spurt var hvort eldra starfsfólk væri talið verðmætara, jafn verðmætt eða ekki eins verðmætt og það yngra. Svarendum var látið eftir að skilgreina við hvaða aldur þeir miðuðu þegar talað var um eldra og yngra fólk. Niðurstaðan var sú að flestir töldu eldra starfsfólkið jafn verðmætt og það yngra.

